



UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN  
DIRECTORATE OF IMMIGRATION

D-108

Móttakið:

Málsnúmer:

## DVALARLEYFI Á GRUNDVELLI NÁMS UMSÓKN UM FYRSTA LEYFI

Vinsamlegast vandaðu umsóknina og gættu þess að skrifa undir hana.  
Ófullnægjandi umsókn getur valdið því að afgreiðslan tefst eða að umsókn verði synjað.

### Umsækjandi

Áritunarskyldir umsækjendur mega ekki vera á landinu þegar sótt er um leyfið. Umsækjendur sem eru ekki áritunarskyldir mega vera á landinu þegar sótt er um og meðan það er í vinnslu svo lengi sem áritunarfrelsi varir.

Fullt nafn

Fæðingardagur (dd.mm.áá)

### Merktu við það dvalarleyfi sem sótt er um (merktu aðeins við einn lið).

Almennur námsmaður

Skiptinemi

Doktorsnemi við erlendan háskóla

Starfsnemi

### Eyðublaðið er ætlað einstaklingi 18 ára eða eldri sem er:

- skráður í fullt nám við íslenskan skóla í grunn-, framhalds- eða doktorsnám,
- doktorsnemi við erlendan háskóla sem er í samstarfi við íslenskan háskóla,
- skiptinemi í íslenskum framhaldsskóla (má víkja frá aldurskilyrði),
- í starfsnámi á Íslandi.

### Hvaða gögn þurfa að fylgja með fyrstu umsókn?

Upplýsingar um nauðsynleg fylgigögn umsókna og kröfur til skjala er að finna á heimasíðu Útlendingastofnunar. Mikilvægt er að kynna sér upplýsingarnar vel. Einnig er hægt að styðjast við gátlistann aftast á þessu eyðublaði.

### Hvernig er umsókn lögð fram?

Umsóknir er aðeins hægt að leggja fram á pappírformi.

Þeim má skila í þar til gerðan póstkassa í anddyri Útlendingastofnunar að Dalvegi 18 í Kópavogi eða með því að senda umsókn í bréfpósti á sama heimilisfang. Áður en það er gert er nauðsynlegt að greiða fyrir umsókn með millifærslu í banka og þarf greiðslukvittun að fylgja umsókn til staðfestingar. Ógreidd umsókn verður endursend umsækjanda.

Einnig er hægt að leggja inn umsókn og greiða fyrir í afgreiðslu Útlendingastofnunar eða hjá embættum sýslumanna utan höfuðborgarsvæðisins.

Námsmaður þarf að sækja sérstaklega um atvinnuleyfi ef hann kys að vinna hér á landi og má ekki byrja að vinna fyrr en atvinnuleyfi hefur verið veitt.

Námsmaður hefur heimild að vinna í allt að 22,5 klukkustundir á viku en nánari upplýsingar um umsókn um atvinnuleyfi er að finna á heimasíðu Útlendingastofnunar.

### Vinnsla umsókna

Það er á ábyrgð umsækjanda að leggja fram fullnægjandi gögn með umsókn. Ef fullnægjandi gögn berast ekki getur það leitt til þess að afgreiðsla umsókna tefjist eða að umsókninni verði synjað.

Ekki er lagt mat á umsókn og fylgigögn við móttöku og skráningu umsókna. Útlendingastofnun hefur samband við umsækjanda eða umboðsmann ef frekari gögn eða upplýsingar vantar fyrir vinnslu umsókna.

Útlendingastofnun áframsendir umsókn um atvinnuleyfi og ráðningar-samning til Vinnumálastofnunar til afgreiðslu.

Upplýsingar um afgreiðslutíma umsókna má finna á heimasíðu Útlendingastofnunar.

### Umsóknarfrestur vegna náms

Umsóknir um námsmannaleyfi sem berast innan frests (fyrir 1. júní og 1. nóvember ár hvert) er eftir fremsta megni reynt að afgreiða fyrir upphaf skólalands.

Afgreiðslutími getur dregist í þeim tilvikum þar sem frekari vinnslu er þörf til að unnt sé að meta hvort umsækjandi uppfylli skilyrði dvalarleyfis.

Því er mikilvægt að leggja fram fullnægjandi fylgigögn til að flýta fyrir afgreiðslu umsókna.

## 1. Dvalarleyfi

Gefðu upplýsingar um hvort þú sért að sækja um fyrsta dvalarleyfi eða breytingu á grundvelli dvalarleyfis.

Ég sæk um:

- a) Fyrsta dvalarleyfi
- b) Breytingu á grundvelli dvalarleyfis

## 2. Tengsl við Ísland eða önnur Schengen ríki

Ef umsókn þinni er synjað og þú ert á Íslandi, þá ber Útlendingastofnun að vísa þér á brott til heimalands. Í ákvörðun um brottvísun er almennt veittur frestur til að yfirgefa landið. Yfirgefi fólk ekki landið innan frestsins virkjast endurkomubann sem gildir að jafnaði á öllu Schengen-svæðinu. Hér með er þér gefið færi á að veita upplýsingar, sem geta haft þýðingu við ákvörðun um brottvísun, og koma að andmælum vegna slíkrar ákvörðunar. Ef þú fyllir ekki út þennan hluta umsóknareyðublaðsins verður lítið svo á að þú andmælir því ekki að þér verði brottvísað ef umsókn þinni verður synjað. Verði breytingar á aðstæðum þínum eftir að umsóknin var lögð fram, er mikilvægt að þú upplýsir Útlendingastofnun hið fyrsta svo hægt sé að taka mið af því.

Hefur þú einhver tengsl við Ísland eða önnur ríki innan Schengen-svæðisins?  Já  Nei

Ef já, hvaða tengsl?

Væri það ósanngjörn ráðstöfun gagnvart þér eða öðrum aðstandendum þínum ef þér yrði vísað frá Íslandi og fengir bann við því að koma aftur inn á Schengen-svæðið?  Já  Nei

Ef já, hvaða ástæður?

## 3. Nám á Íslandi

Skóli sem ég hef fengið inngöngu í

Heimilisfang skólans

Námsleið

Námstímabil frá (dd.mm.áá)

Námstímabil til (dd.mm.áá)

Hver er ástæða þess að þú valdir þessa námsleið?

Hvaðan fékkst þú upplýsingar um háskólann og námsleiðina?

## 4. Umsækjandi nánar

Eiginnafn

Kenninafn

Fyrri nöfn (ef við á)



Kyn (eins og í vegabréfi)		Hjúskaparstaða						
<input type="checkbox"/>	Kona	<input type="checkbox"/>	Sambúð	<input type="checkbox"/>	Gift(ur)			
<input type="checkbox"/>	Karl	<input type="checkbox"/>	Ógift(ur)	<input type="checkbox"/>	Ekkja/ekkill			
<input type="checkbox"/>	Kynsegin/annað	<input type="checkbox"/>	Skilin(n) að borði og sæng	<input type="checkbox"/>	Lögskilin(n)			
Fæðingarstaður								
Fæðingarland								
Núverandi ríkisfang/ríkisföng								
Er annað foreldri þitt eða bæði með íslenskt ríkisfang?					<input type="checkbox"/>	Já	<input type="checkbox"/>	Nei
<b>Heimilisfang, netfang og símanúmer í heimalandi</b>								
Upplýsingarnar verða notaðar til að hafa samband við umsækjanda, og því mikilvægt að þær séu réttar. Ef upplýsingarnar breytast á meðan umsókn er til vinnslu skal það tilkynnt til Útlendingastofnunar á netfangið <a href="mailto:utl@utl.is">utl@utl.is</a>								
Heimilisfang								
Póstnúmer og staður								
Land								
Símanúmer								
Netfang								
<b>Heimilisfang og símanúmer á Íslandi</b>								
Skilyrði fyrir útgáfu dvalarleyfis er að umsækjandi hafi tilkynnt um dvalarstað sinn hér á landi. Uppgefið heimilisfang verður skráð sem lögheimili umsækjanda hjá Þjóðskrá Íslands. Upplýsingarnar verða einnig notaðar til að hafa samband við umsækjanda og því mikilvægt að þær séu réttar. Ef upplýsingarnar breytast á meðan umsókn er til vinnslu skal það tilkynnt til Útlendingastofnunar á netfangið <a href="mailto:utl@utl.is">utl@utl.is</a> . Eftir að leyfi hefur verið útgefið tilkynnast breytingar á heimilisfangi til Þjóðskrár Íslands.								
Heimilisfang og íbúðarnúmer (ef við á)								
Póstnúmer og staður								
Símanúmer								
<input type="checkbox"/>	Heimilisfang liggur ekki fyrir. Tilkynning um dvalarstað lögð fram eftir komu til landsins (t.d. við myndatöku).							

## 5. Búseta

### Búseta erlendis

Hvar hefur þú verið búsett(ur) síðastliðin 5 ár?

Land	Dags. frá (dd.mm.áá.)	Dags. til (dd.mm.áá.)
1		
2		
3		
4		
5		
6		



**Búseta á Íslandi**

Hvenær ætlar þú að koma til Íslands?	Tilgreinið dagsetningu (dd.mm.áá.)			
<input type="checkbox"/> Er komin(n) til landsins	Hvenær komstu? (dd.mm.áá.)			
Hefur þú einhvern tíma sótt um vegabréfsáritun til Íslands?	<input type="checkbox"/>	Já	<input type="checkbox"/>	Nei
Hefur þú áður sótt um dvalarleyfi á Íslandi?	<input type="checkbox"/>	Já	<input type="checkbox"/>	Nei
Hefur þú verið á Íslandi áður? Ef já, hvenær og hve lengi? (Ef þig vantar rými fyrir frekari upplýsingar vinsamlegast nýtið hluta 11 í eyðublaðinu).	<input type="checkbox"/>	Já	<input type="checkbox"/>	Nei

**6. Maki umsækjanda**

Ef maki ætlar að sækja um dvalarleyfi á Íslandi þarf hann að leggja fram eigin umsókn.

Eiginnafn		
Kenninafn		
Fyrri nöfn (ef við á)		
Kennitala / fæðingardagur		
Ríkisfang	Netfang	
Dags. hjúskapar (dd.mm.áá.)	Dags. skráningar sambúðar (dd.mm.áá.)	

**7. Börn umsækjanda 18 ára og yngri**

Ef sækja á um dvalarleyfi á Íslandi fyrir barn þarf að leggja fram sérstaka umsókn fyrir barnið.

 Á ekki börn 18 ára og yngri

	Eiginnafn	Kenninafn	Fæðingard. (dd.mm.áá.)	Ríkisfang	Kyn (eins og í vegabréfi)			Er barnið á Íslandi?	
					Drengur	Stúlka	Kynsegin/annað	Já	Nei
1.					<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
2.					<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
3.					<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
4.					<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
5.					<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
6.					<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

**8. Foreldrar umsækjanda**

Ef foreldri ætlar að sækja um dvalarleyfi á Íslandi þarf það að leggja fram eigin umsókn.

**Foreldri 1**

Kyn (eins og í vegabréfi)	<input type="checkbox"/>	Karl	<input type="checkbox"/>	Kona	<input type="checkbox"/>	Kynsegin/annað
---------------------------	--------------------------	------	--------------------------	------	--------------------------	----------------



Eiginnafn	
Kenninafn	
Fyrri nöfn (ef við á)	
Fæðingardagur (dd.mm.áá.)	
Dánardagur, ef við á (dd.mm.áá.)	
Ríkisfang	
Heimilisfang	
Póstnúmer og staður	
Land	

**Foreldri 2**

<b>Kyn (eins og í vegabréfi)</b>	<input type="checkbox"/> Karl	<input type="checkbox"/> Kona	<input type="checkbox"/> Kynsegin/annað
Eiginnafn			
Kenninafn			
Fyrri nöfn (ef við á)			
Fæðingardagur (dd.mm.áá.)			
Dánardagur, ef við á (dd.mm.áá.)			
Ríkisfang			
Heimilisfang			
Póstnúmer og staður			
Land			

**9. Tungumálakunnátta og menntun****Tungumálakunnátta**

Móðurmál	
Önnur tungumál	

**Menntunarstig**

Merktu við allt sem við á, en aðeins menntun sem er lokið.

<input type="checkbox"/>	Engin eða minna en grunnskóli		
<input type="checkbox"/>	Grunnskóli	Útskriftarár:	
<input type="checkbox"/>	Framhaldsskóli	Útskriftarár:	
<input type="checkbox"/>	Framhaldsskóli, viðbótarstig	Útskriftarár:	
<input type="checkbox"/>	Háskóli, minna en BA/BS gráða	Útskriftarár:	
<input type="checkbox"/>	Háskóli, BA/BS gráða	Útskriftarár:	



<input type="checkbox"/>	Háskóli, mastersgráða	Útskriftarár:	
<input type="checkbox"/>	Háskóli, doktorsgráða	Útskriftarár:	
<b>Námssvið hæstu menntunar</b>			
Merktu aðeins við einn valkost.			
<input type="checkbox"/>	Almennt nám	<input type="checkbox"/>	Upplýsinga- og samskiptatækni
<input type="checkbox"/>	Menntun	<input type="checkbox"/>	Verkfræði, framleiðsla og mannvirkjagerð
<input type="checkbox"/>	Listir og hugvísindi	<input type="checkbox"/>	Landbúnaður, skógrækt, fiskveiðar og dýralækningar
<input type="checkbox"/>	Félagsvísindi, blaðamennska og upplýsingafræði	<input type="checkbox"/>	Heilbrigði
<input type="checkbox"/>	Viðskipti, stjórnun og lögfræði	<input type="checkbox"/>	Velferð
<input type="checkbox"/>	Raunvísindi, stærðfræði og tölfraði	<input type="checkbox"/>	Þjónusta

## 10. Sakaferill

Umsækjandi þarf að leggja fram sakavottorð sem gefið er út af því landi þar sem hann er búsettur. Sakavottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða þegar það er lagt fram.

### A. Hefur þú sætt sektum eða fangelsisrefsingum?

Nei

Já

Ef já, fyrir hvaða brot?

Í hvaða landi?

Hvenær?

Hver var refsingin?

### B. Hefur þú stöðu grunaðs manns í lögreglurannsókn?

Nei

Já

Ef já, fyrir hvaða brot?

Í hvaða landi?

Hvenær?

### C. Hefur þú fengið endurkomubann inn á Schengen svæðið?

Nei

Já

Ef já, í hvaða landi?



Er bannið enn í gildi?

- |                          |     |                                 |  |
|--------------------------|-----|---------------------------------|--|
| <input type="checkbox"/> | Nei | Ef nei, hvenær var það í gildi? |  |
| <input type="checkbox"/> | Já  | Ef já, hvenær rennur bannið út? |  |

## 11. Viðbótarupplýsingar

Ef þú hefur frekari upplýsingar sem máli skipta varðandi umsóknina vinsamlegast komdu þeim á framfæri hér.

## 12. Áritun

### Áritanir

Ert þú með gilda áritun inn á Schengen-svæðið?  Já  Nei

Ef já, hver er gildistími áritunarinnar?

Á aðeins við um þá sem eru ekki staddir á Íslandi. Ef þú þarft vegabréfsáritun til að ferðast til Íslands tilgreindu þá í hvaða landi/borg þú myndir helst vilja sækja áritunina. Ísland er þó ekki með fyrirvar alls staðar og gætir þú þurft að sækja áritunina í annað land en þú býrð í.

## 13. Umboðsmaður

Umsækjandi þarf aðeins að fylla út þennan lið umsóknar vilji hann hafa umboðsmann.

Aðeins einn einstaklingur eða lögaðili getur verið umboðsmaður hverju sinni. Óski umsækjandi eftir að fella umboð niður eða skrá nýjan umboðsmann skal hann tilkynna Útlendingastofnun það skriflega ásamt nýju umboði.

### Upplýsingar um umboðsmann

Nafn	
Kennitala/fæðingardagur	
Heimilisfang	
Símanúmer	
Netfang	
Öryggistala*	

\*Velja þarf **fjögurra stafa öryggistölu** sem gefa verður upp til að fá upplýsingar um mál umsækjanda hjá Útlendingastofnun. Öryggistöluna þarf að meðhöndla líkt og lykilorð og skal hún aðeins vera á vitorði þeirra er málið varðar.



## 14. Mundir þú eftir öllu?

Útlendingastofnun mælir með því að þú notir gátlistann hér að neðan til að kanna hvort umsóknin sé fullnægjandi.

### Gátlisti umsækjanda

<input type="checkbox"/>	<b>Greiðslukvittun</b> (ef umsókn verður póstlögð eða skilað í póstkassann að Dalvegi 18 og því greitt fyrir hana í banka).
<input type="checkbox"/>	<b>Passamynd</b> (35 mm x 45 mm).
<input type="checkbox"/>	<b>Ljósrit vegabréfs</b> (persónusíða og rithandarsýnishorn). Gildistími skal vera minnst 90 dagar umfram gildistíma dvalarleyfis.
<input type="checkbox"/>	<b>Sakavottorð frá búseturíki</b> . Sakavottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða þegar það er lagt fram miðað við dagsetningu umsóknar.
<input type="checkbox"/>	<b>Þýðing löggilts skjalabýðanda á sakavottorði</b> (á aðeins við ef erlend vottorð eru á öðru tungumáli en ensku eða Norðurlandamáli). Krafist er lögformlegrar staðfestingar á þýðinguna sé hún unnin af þýðanda sem ekki hefur fengið löggildingu á Íslandi, þ.e. apostille eða tvöfaldrar staðfestingar.
<input type="checkbox"/>	<b>Sjúkratrygging</b> sem gildir í 6 mánuði, að lágmarki 2.000.000 kr. (frá tryggingafélagi með starfsleyfi á Íslandi).
<input type="checkbox"/>	<b>Framfærslugögn</b> sem staðfesta tryggja framfærslu á dvalartíma. Upplýsingar um upphæð framfærslu og hvaða gögn geta sýnt fram á tryggja framfærslu er að finna á heimasíðu Útlendingastofnunar, <a href="http://www.utl.is">www.utl.is</a> .
<input type="checkbox"/>	<b>Umsókn um viðeigandi atvinnuleyfi og ráðningasamningur, ef við á</b> . Bæði atvinnuleyfisumsókn og ráðningasamningur þurfa að vera í frumriti og undirrituð bæði af atvinnurekanda og umsækjanda.
<input type="checkbox"/>	<b>Staðfesting frá skóla um nám:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>Almennir námsmenn - fullt nám er skilgreint sem 30 ECTS einingar á önn.</li><li>Doktorsnemar - staðfesting á samstarfi erlendra háskólans við íslenskan háskóla.</li><li>Skiptinemar - Staðfesting frá íslenskum framhaldsskóla.</li><li>Starfsnemar - gögn frá háskólanum sem sýna fram á að starf á Íslandi sé hluti af námi viðkomandi.</li></ul>
<input type="checkbox"/>	<b>Umsækjandi hefur skrifað undir umsóknina.</b>

### Ég óska eftir að samskipti Útlendingastofnunar við mig séu í gegnum:

<input type="checkbox"/>	Tölvupóst	<input type="checkbox"/>	Hefðbundinn bréfpóst
--------------------------	-----------	--------------------------	----------------------





## 15. Dagsetning og undirskrift

Útlendingastofnun kann að afla frekari upplýsinga um þig hjá innlendum og/eða erlendum aðilum sé það nauðsynlegt vegna umsóknarinnar til þess að tryggja að upplýsingar séu réttar og/eða sannreyna gildi vottorða. Ávallt er gætt að lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 við upplýsingaöflun. Útlendingastofnun, kærunefnd útlendingamála, Þjóðskrá Íslands, barnaverndaryfirvöldum og lögreglu er heimil vinnsla og miðlun persónuupplýsinga samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum um útlendinga og lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Sömu aðilum er auk þess heimilt að afla upplýsinga hjá skattayfirvöldum, Vinnumálastofnun og félagsþjónustu sveitarfélaga til þess að tryggja að dvöl þín sé lögleg.

Verði dvalarleyfi veitt áframsendir Útlendingastofnun upplýsingar til Þjóðskrár Íslands sem eru nauðsynlegar vegna skráningar í þjóðskrá.

Upplýsingar um þig kunna að vera notaðar við vinnslu seinni umsókna og/eða umsókna fjölskyldumeðlima til að tryggja að upplýsingar séu réttar. Á gildistíma dvalarleyfis kann Útlendingastofnun að taka gögn þín til skoðunar berist upplýsingar um breyttar aðstæður eða gildi gagna. Rangar eða villandi upplýsingar geta leitt til synjunar dvalarleyfis, afturköllunar og hugsanlega brottvísunar. Röng upplýsingagjöf til Útlendingastofnunar er brot á lögum um útlendinga og refsiverð samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

Persónuverndarstefnu Útlendingastofnunar má nálgast á vef stofnunarinnar.

Umsækjendur sem flytja til Íslands frá tilteknum ríkjum þurfa að gangast undir læknisskoðun innan tveggja vikna frá komu til landsins í samræmi við lög og fyrirmæli Landlæknisembættis. Ef þú ferð ekki í læknisskoðun verður dvalarleyfi ekki gefið út.

- Ég staðfesti að ég hef lesið ofangreindar upplýsingar og að allar upplýsingar sem ég hef gefið vegna umsóknar um dvalarleyfi eru sannar og réttar.**
- Ég samþykki að gangast undir læknisskoðun innan tveggja vikna frá komu til landsins í samræmi við gildandi lög og fyrirmæli heilbrigðisyfirvalda, ef við á.**

### Staður, dagsetning og undirskrift umsækjanda

Staður	
Dagsetning	
Undirskrift umsækjanda	

### Hver fyllti umsóknina út?

<input type="checkbox"/>	Umsækjandi	
<input type="checkbox"/>	Umboðsmaður	
<input type="checkbox"/>	Annar	Ef annar, hver?

Tengsl við umsækjanda	
-----------------------	--